



UMBOÐSMAÐUR BARNA

**Hvað vita íslensk börn um
Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**

26. janúar 2012

Um embættið og hlutverk þess

- ▶ Stofnað með lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.
 - ▶ Hóf starfsemi 1. janúar 1995.
- ▶ Umboðsmaður barna er opinber talsmaður **allra barna** á Íslandi.
- ▶ Ber að standa vörð um hagsmuni barna og vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda þeirra á öllum sviðum samfélagsins.
 - ▶ T.d. við lagasetningu, ákvarðanatöku, skipulagningu.
- ▶ Ákveður sjálfur hvaða mál hann tekur til meðferðar.



Hlutverk umboðsmanns barna frh.

- ▶ Umboðsmanni barna ber að stuðla að því að virtir séu þjóðréttarsamningar sem varða réttindi barna.
 - ▶ Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.
- ▶ Ber að koma á framfæri tillögum um úrbætur.
- ▶ Á að stuðla að umræðu og kynningu á réttindum barna.



Barnasáttmálinn

- ▶ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.
 - ▶ Samþykktur 1989. Fullgiltur hér á landi árið 1992.
- ▶ Útbreiddasti mannréttindasamningur heims.
 - ▶ Öll ríki heim, fyrir utan tvö, hafa fullgilt hann.
- ▶ Tryggir börnum sjálfstæð mannréttindi.
- ▶ Ný sýn á réttindi barna.
 - ▶ Vernd – umönnun – þátttaka.
 - ▶ Þingsályktunartillaga samþykkt á Alþingi 16. mars 2009.
 - Ríkisstjórn falið að undirbúa lögfestingu sáttmálans.



Fjórar grundvallarreglur

- ▶ 2. gr. - Jafnræði og bann við mismunun.
- ▶ 3. gr. - Hafa skal það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi.
- ▶ 6. gr. - Réttur hvers barns til að lifa og þroskast.
- ▶ 12. gr. - Réttur barns til að láta í ljós skoðanir sínar og skyldan til þess að taka réttmætt tillit til þeirra.



Hvað vita börn um Barnasáttmálann?

Hvaða fræðslu fá þau?


- ▶ Lög um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla eru lituð m.a. af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- ▶ Sex grunnþættir skv. aðalnámskrá: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun

- ▶ Sérstaklega áberandi aðalnámskrá í lífsleikni og samfélagsgreinum.
- ▶ Þó nokkur áfangamarkmið í lífsleikni í 7. og 10. bekk.
- ▶ Dæmi úr 7. bekk: Nemandi á að vera meðvitaður um gildi mannréttinda og jafnréttis, hafa innsýn í helstu þætti stjórnarskrár Íslands svo sem mannréttindi, friðhelgi einkalífsins...
- ▶ Dæmi úr 10. bekk: Nemandi á að vera fær um að hafa mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi í samskiptum, þekkja helstu samninga og samþykktir um mannréttindi, geta velt fyrir sér jafnréttishugtakinu út frá ýmsum sjónarhornum, t.d. jafnrétti kynjanna, milli fatlaðra og ófatlaðra og milli kynþátta, þekkja helstu stofnanir samfélagsins sem starfa að almannaheill og hlutverk þeirra.




Hefur þú heyrt um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?

Rannsóknir og greining



Hversu vel eða illa telurðu þig þekkja Barnasáttmála SP: Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6., og 7. bekk. Rannsóknir og greining




Hvaða fræðslu fá þau? Frh.

- ▶ Umboðsmaður barna hefur boðið öllum leikskólum, grunnskólum, félagsmiðstöðvum, framhaldsskólum og fleirum kynningu á embættinu og Barnsáttmálanum.
- ▶ Búin að hitta tæplega 5000 börn síðastliðin tvö ár víða um land.
- ▶ Börnin eru flest á aldrinum 5-18 ára.
- ▶ www.barnasattmali.is
- ▶ Veggspjöld og bæklingar



Hvað vita börn um Barnasáttmálann?

- ▶ Það sem kennt er virðist að miklu leyti vera háð kennaranum/skólanum.
- ▶ Flest virðast þekkja hann í 1. bekk framhaldskólans en mun færri í grunnskólunum. Hvers vegna ætli það sé?
- ▶ Fræðsla umboðsmanns í auknum mæli myndbönd og leikir.



Hvað vita börn um Barnasáttmálann?

- ▶ Dæmi um leik
 - ▶ Sammála/ósammála fullyrðingu og verða að rökstyðja svarið.
 - ▶ Ég á rétt á því að fá vasapening.
 - ▶ Það er leyfilegt að flengja börn.
 - ▶ Tjáningarfrelsi felur í sér að ég má segja allt sem ég vil.
 - ▶ Foreldrar mínir mega banna mér að eiga kærasta eða kærustu.
 - ▶ Ég ræð yfir þeim peningum sem ég vinn mér inn fyrir.
-

Hvað vita börn um Barnasáttmálann?


▶ Algengar fyrirspurnir frá börnum:

- ▶ Viðhorf sem þau verða fyrir t.d. í verslunum, skólum og fleira,
- ▶ friðhelgi , sambönd
- ▶ fjármál , eignaréttindi,
- ▶ ofbeldi, einelti o.fl.

▶ Hvað segir Barnaréttarnefndin um þessi mál?

The Committee recommends that the State party include children's right in the school curricula. It also recommends the reinforcement of adequate and systematic training of all professional groups working for and with children, in particular, law enforcement officials, teachers, health workers, social workers and personnel working in all forms alternative care.

▶ Börn njóta sömu mannréttinda og fullorðnir.



Verkefni og vinnulag sem ætlað er að undirbúa börn undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi

Umboðsmaður hefur óskað eftir upplýsingum frá leik- og grunnskólum landsins um það hvernig börnin eru virkjuð til að hafa áhrif á skólastarfið og samfélagið.


- ▶ Dæmi: Leikskólabörn og leikskólakennarar á elstu deildinni fóru á fund bæjarstjóra, til að ræða reynslu sína af því að vera ungir vegfarendur í Reykjanesbæ og það sem mætti betur fara frá þeirra sjónarhorni. Þau sögðust t.d. ekki sjá upp fyrir grjóthleðsluna við ströndina, í vettvangsferðum sínum um Ægisgötu. Börnin afhentu bæjarstjóranum bréf með hugmynd og teikningu sem sýndi mögulega útfærslu:



Verkefni frh.

“Við börnin á Ljósvöllum næstelstu deildinni í leikskólanum Tjarnarseli langar til að biðja þig að sjá hlutina frá okkar sjónarhorni: Þegar við erum í vettvangsferð um sjávarsíðuna í Reykjanesbæ sjáum við aldrei sjóinn og fuglana fyrir stóru steinunum. Við erum með skemmtilega tillögu sem erfitt er að hafna. Mætti ekki gera fallegan útsýnispall svo við getum notið útsýnisins betur. Meðfylgjandi er mynd af hugmynd okkar.”

Bæjarstjórinn tók vel í hugmyndina og nokkrum mánuðum seinna var búið að setja upp útsýnispall milli tveggja steintrölla sem Tjarnarselsbörnin nýta sér reglulega til að njóta útsýnisins og skoða sjóinn og sjófugla.



Dæmi um tillögur nemenda í skólaráði/nemendaráði grunnskóla

- ▶ Á fundi komu fulltrúar nemendur með tvö mál þ.e. ljótt orðbragð barna og notkun tölvuleikja. Nemendur vildu vekja athygli foreldra á þessu.
- ▶ Fulltrúi nemenda óskaði eftir að fá salatbar með mált í hádeginu sem varð úr.
- ▶ Nemendur vildu auka samstarf við aðra skóla og það varð úr.
- ▶ Fulltrúi nemenda óskaði eftir breytingu á skóladagatali og það var samþykkt.
- ▶ Nemendafélagið hefur áhrif á matseðil í mötuneyti, hefur staðið fyrir jafningjafræðslu um samskipti.



Verkefni frh.


- ▶ Nemendafélagið hefur unnið að úrbótum í mötuneytismálum, komið hugmyndum á framfæri við arkitekta sem hanna breytingar á skólahúsnæðinu og til garðyrkjustjóra um úrbætur á skólalóðinni.
 - ▶ Fulltrúar nemenda lögðu til að skólinn byrjaði fyrr á morgnana og var það samþykkt.
 - ▶ Fulltrúar nemenda tóku þátt í gerð skólareglna og skólasáttmála skólans.
 - ▶ Fulltrúar nemenda vildu láta stækka rýmið sem þeim var ætlað, orðið við því, einnig bókasafnið haft opið í hádeginu.
-

VIÐHORF

fullorðinna
til
ungmenna.



Takk fyrir 😊



www.barn.is
